

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 3. febrúar 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins fruminnherja í tilteknu félagi vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).¹

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti fjárhagslega tengds aðila innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Um var að ræða nýtingu á kauprétti, en engin tilkynning barst félaginu vegna víðskiptanna.

Með vísan til framangreinds og 74. gr. vvl. var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 50.000,-

¹ Í samræmi við gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins eru ekki birt nöfn útgefandans og innherjans þar sem innherjinn er ekki stjórnandi í skilningi 64. gr. vvl. Gagnsæisstefnuna og útfærslu á henni má finna á heimasíðu eftirlitsins.